

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/992
komudagur 15.2.2007



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2007

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 387. mál,
upplýsingaöflun váttryggingafélaga.**


Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga. Beðist er velvirðingar á að ekki var unnt að virða þann skamma frest sem gefinn var til umsagnar. Síða- og sáttanefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga var undirritaðri til ráðgjafar um umsögnina.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar. Hin fyrri lýtur að heimild váttryggingafélaga til að afla upplýsinga um heilsufar annarra en váttryggingataka, þ.e. þriðja aðila. Að flestra mati eru upplýsingar um heilsufar mjög persónulegar. Ýmis nýleg lög hafa styrkt það mat s.s. lög um réttindi sjúklinga, lög um persónuvernd og lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í þeim lögum er hvergi heimild til þess að einstaklingar veiti upplýsingar um heilsufar þriðja aðila, án samþykkis viðkomandi. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst því gegn því að þessi heimild verði veitt með samþykki frumvarps þessa.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að síðari breytingin sem lögð er til í frumvarpinu um bann við hagnýtingu upplýsinga um erðaeiginleika manna sé mjög til bóta.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,


Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður